

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbikunarstöðin Höfði hf. Reykjavík



Dags eftirlits	13.8.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Malbikunarstöðin Höfði hf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Sævarhöfði 6 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5810962919	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Elín Ásgeirsdóttir	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	362038,627 405923,675

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjár ábendingar voru gerðar:

- Rekstraraðila er bent á að sækja um skráningu á niðurrifi mannvirkja á lóðinni Sævarhöfði 6 – 10. Skrá skal starfseminna á vefsetrinu [island.is](#) áður en niðurrif mannvirkja hefst.
- Rekstraraðila er því bent á að móttaka malbiksbrota á lóðinni Sævarhöfði 6 -10 er óheimil og því ber rekstraraðila að hætta þeirri starfsemi. Eftirfylgni með því er á hendi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.
- Rekstraraðila er bent á að halda Umhverfisstofnun upplýstri um framgang mála við brottflutning af lóðinni Sævarhöfða 6 – 10.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði í 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í lokunareftirlit á lóðina Sævarhöfða 6 – 10 í Reykjavík, þar sem áður var Malbikunarstöðin Höfði hf. Starfsleyfi rekstraraðila var frá 27. mars 2019 og gildi til 31. desember 2022. Í gildi er samkomulag, dagsett 20. janúar 2022, á milli Reykjavíkurborgar og Malbikunarstöðvarinnar Höfða um brottflutning stöðvarinnar. Þar kemur fram að Malbikunarstöðin Höfði hf. skuli sjá um að ráðstafa á viðurkenndan hátt öllum úrgangi, efnun, útbúnaði, tækjum, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi.

Ekki er til deiliskipulag fyrir lóðirnar og í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir að starfsemi malbikunarverksmiðjunnar víki og að í Elliðaárvogi rísi blönduð byggð með allt að 3200 íbúðum, tveimur skólum og alls um 100.000 m² af atvinnuhúsnæði.

Eftirlitið hófst á fundi. Mætt voru Elín Ásgeirsdóttir fyrir hönd Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. og Gottskálk Friðgeirsson fyrir hönd Umhverfisstofnunar.

Dagskrá:

- Rekstraraðili fer yfir stöðu niðurrifs og frágangs
- Samkomulag við Reykjavíkurborg um hvað borgin taki yfir og hvað þurfi að fjarlægja (tímalína brottflutnings)
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

1. Nú eru bráðum tvö ár frá því að starfsleyfi Malbikunarstöðvar Höfða í Sævarhöfða 6 – 10 (MH) rann út og Umhverfisstofnun hefur fylgt eftir frágangi á lóð félagsins sbr. áætlun um frágang við rekstrarstöðvun sem félagið gaf út 16. nóvember 2020.

Enn eru mannvirki á lóðinni Sævarhöfði 6 – 10 sem eru á ábyrgð MH, s.s. grjótmulningsstöðin, hluti af malbikunarstöð, niðurgrafnar biklagir, bikgeymar (3). Rekstraraðili áætlar að mannvirki sem samkvæmt „samkomulagi vegna brottflutnings á Sævarhöfða 6 – 10“ sem gert var við Reykjavíkurborg þann 21. janúar 2021 verði öll farin af lóðinni fyrir 15. ágúst 2025.

Tímabundið starfsleyfi rekstraraðila fyrir niðurrifi á mannvirkjum við Sævarhöfða 6 – 10 sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gaf út 3. maí 2022 er útrunnið. Í nóvember 2022 tók gildi reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur og þá var hætt að gefa út starfsleyfi fyrir niðurrifi mannvirkja. Með tilkomu nýju reglugerðarinnar varð niðurrif mannvirkja (sjá viðauka við reglugerðina) skráningarskyld starfsemi. Heilbrigðiseftirlitið leiðbeindi því rekstraraðila um að sækja um skráningu á niðurrifinu en sú umsókn hafði ekki borist þegar eftirlitið fór fram. Rekstraraðila er bent á að sækja um skráningu á niðurrifi mannvirkja á lóðinni Sævarhöfði 6 – 10. Skrá skal starfseminna á vefsetrinu [island.is](#) áður en niðurrif mannvirkja hefst.

Enn eru hráefnaugar og malbiksbrota á lóðinni en kvartað hefur verið yfir því að enn er tekið á móti malbiksbrotum á lóðinni.

Samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þá sótti rekstraraðili um starfsleyfi fyrir meðhöndlun úrgangs / mölun malbiksbrota á lóðinni en umsókninni var sýnað á grundvelli umsagnar skipulagsyfirvalda. Rekstraraðila er því bent á að móttaka malbiksbrota á lóðinni Sævarhöfði 6 -10 er óheimil og því ber rekstraraðila að hætta þeirri starfsemi. Eftirfylgni með því er á hendi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Rekstraraðili geymir viðgerðarefni (Potmix asphalt repair) og íblöndunarefni (SBS fjöllíður) á brettum á lóðinni. Eins eru gamlir afgangar af efnavöru í 210 lítra tunnum. Rekstraraðila er bent á að ljúka tiltekt á lóðinni afhenda úrgang og

spilliefni til viðurkenndra aðila ef ekki er hægt að nýta efnin annarsstaðar.

2. Uppfæra þarf tímalínu brottflutnings (samkomulag við Reykjavíkurborg frá 12. janúar 2021). Tímalínan hefur riðlast mikið og miðað við upprunalegt samkomulag átti öllum frágangi að vera lokið eigi síðar en 1. ágúst 2022.

Reykjavíkurborg og/eða aðilar/verktakar á vegum borgarinnar eru byrjaðir að nota lóðina við Sævarhöfða 6 til geymslu á tækjum og tólum sem eru MH óviðkomandi. Ekki er æskilegt að leyfa þetta fyrr en brottflutningi Malbikunarstöðvar Höfða er lokið.

3. Rekstraraðila er bent á að halda Umhverfisstofnun upplýstri um framgang mála við brottflutning af lóðinni Sævarhöfða 6 – 10.

ÁBENDINGAR

a) Rekstraraðila er bent á að sækja um skráningu á niðurrifi mannvirkja á lóðinni Sævarhöfði 6 – 10. Skrá skal starfsemina á vefsetrinu island.is áður en niðurrif mannvirkja hefst.

b) Rekstraraðila er bent á að móttaka malbiksbrota á lóðinni Sævarhöfði 6 -10 er óheimil og því ber rekstraraðila að hætta þeirri starfsemi. Eftirfylgni með því er á hendi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

c) Rekstraraðila er bent á að halda Umhverfisstofnun upplýstri um framgang mála við brottflutning af lóðinni Sævarhöfða 6 – 10.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.09.2024



Gottskálk Friðgeirsson